

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Rangárþingi ytra.

Árbæjarhellir, land 2, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. febrúar 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Árbæjarhelli, land 2. Gert er ráð fyrir allt að 5 lóðum þar sem heimilt er að byggja frístundahús og gestahús/geymslu ásamt útihúsi eða skemmu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 25. febrúar 2016.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2016